



Árekstrarhætta í innsiglingu

Bókun

Mál nr.: 2024-54-S-022 Herjólfur og Seabourn Venture

Dagsetning: 29. ágúst 2024

Staðsetning: Innsigling til Vestmannaeyja

Atvik: Sjóatvik

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum

Samantekt

Þann 29. ágúst 2024 kl. 16:25 var Herjólfur á leið til hafnar í Vestmannaeyjum en skemmtiferðarskipið Seabourn Venture á útleið. Við Klettsnefið áttuðu skipstjórnarmenn Seabourn Venture sig ekki á fyrirætlunum skipstjórnarmanna Herjólf. Skipstjórnarmenn Seabourn Venture beittu því neyðarstöðvun en skipstjóri Herjólf dró úr ferð og beygði inn í Klettsvíkina til að forða árekstri. Veður: NA 5-13 m/s.

1. Helstu Staðreyndir

Herjólfur

Skipaskrár. nr. 2941 IMO nr. 9825099

Útgerð: Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf.

Smíðaður: Póllandi, 2019, stál.

Stærð: 3270 BT.

Mesta lengd: 71,73 m

Breidd: 15,09 m Dýpt: 5,10 m

Vél: ABB, 2400 kW, 2017.

Áhöfn: 10

Farþegar: 35



Seabourn Venture

IMO nr. 9862023

Útgerð: Seabourn Cruise Line, Nassau, Bahamas

Smíðaður: Ítalíu, 2022, stál.

Stærð: 23.615 BT.

Mesta lengd: 172 m

Breidd: 24 m Dýpt: 8,40 m

Vél: Wärtsila 4.480 kW

Áhöfn: 120

Farþegar: 232



Gögn:

Frávíkaskýrsla Herjólf. ohf.

Gögn úr gagnarita Seabourn Venture


Atvikaskráning Vestmannaeyjahafnar

Gögn RNSA.

Atvikalýsing:

Þann 29. ágúst 2024 áætlaði skipstjóri Seabourn Venture að fara frá bryggju í Vestmannaeyjum kl. 16:00 en þar sem hafnsögumaður hafnarinnar var upptekinn dróst brottför til kl. 16:08. Skipið hélt þá áleiðis út innsiglinguna en hafnsögumaðurinn var meðvitaður um að Herjólfur væri lagður af stað frá Landeyjarhöfn en hann fór þaðan kl. 15:45.

Hafnsögumaðurinn þysjaði inn leiðsögutölvuna en hún sýndi næsta umhverfi skipsins (mynd 1).




Mynd 1. Skjámynd úr leiðsögutölvu hafnsögumanns.

Hann varð því ekki var við Herjólf sem var á tæplega 12 hnúta ferð á leið til hafnarinnar. Skipstjóri Herjólfur var meðvitaður um að Seabourn Venture færi frá Nausthamarsbryggju kl. 16:00 en hann var einnig með siglingatölvuna þysjaða inn og varð því ekki var við skipið fyrr en hann nálgast Klettsnefið.


Herjólfur var með veikan farþega um borð og lá á að koma honum undir læknishendur og því misfórst að tilkynna komu Herjólfur til hafnarinnar við Faxasker eins og venjan var (mynd 2).

Þegar hafnsögumaðurinn um borð í Seabourn Venture varð var við Herjólfur gaf hann fyrirmæli um að stöðva ferð skipsins en skipstjóri þess hafði þá þegar byrjað að stöðva skipið. Skipstjóri Herjólfur setti vélar á fulla ferð afturábak en hann hugði í fyrstu að beygja til bakborða en sá að ekki væri nægjanlegt svigrúm til þess. Eftir samskipti við hafnsögumann sigldi skipstjóri Herjólfur norður fyrir Seabourn Venture inn á Klettsvíkina sem þá var orðið stopp og haldið kyrru með vélbúnaði (azipods). Myndir 3-6 sýna atburðarásina frá því að hætta skapaðist og þar til Herjólfur var búinn að mæta Seabourn Venture.




Hefðbundinn staður þar sem Herjólfur tilkynnti sig til hafnar.


Mynd 2. Sjókort frá sjómælingarviði LHG.




Mynd 3. Skjámynd úr leiðsögutölvu hafnsögumanns.



Mynd 4. Skjámynd úr leiðsögutölvu hafnsögumanns.




Stýrisskipanir Seabourn Venture



Mynd 5. Skjámynd úr leiðsögutölvu hafnsögumanns.


Seabourn Venture nánast ferðlaus en Herjólfur á 7.7 hn ferð og stefndi norður fyrir skipið. Fjarlægð í Herjólf mældist 39 metrar.



Mynd 6. Skjámynd úr leiðsögutölvu hafnsögumanns.


Hér var Herjólfur búinn að mæta Seabourn Venture og hættan liðin hjá.

Að beiðni RNSA tók fánaríki skipsins, Bahamaeyjur, skýrslu af öllum skipstjórnarmönnum sem voru á stjórnþalli þegar atvikið átti sér stað. Þeir voru samhljóða um atburðarrásina en þeir stóðu á tímabili í þeirri meiningu að Herjólfur myndi beygja til bakborða og snúa við (myndir 7-10) úr gagnarita Seabourn Venture. Fram kom hjá skipstjóra Seabourn Venture að samskipti hafnsögumanns og skipstjórnanda Herjólfurs fóru fram á íslensku sem skipstjórnarmenn á Seabourn Venture skildu ekki. Tók því tíma að koma réttum boðum til skipstjórnarmannanna um hvað væri að gerast. Upphafleg ætlun skipstjóra Herjólfurs var að mæta skipinu öfugt en hætti við að taka bakborðsbeygju þar sem hann sá að þá færi skipið of nærri grynningum. Hann beygði því til baka til stjórnborða og mætti skipinu rétt.




Mynd 7

Kl. 16:22 stefndi Herjólfur stefndi u.þ.b. 225°rv.




Mynd 8

Kl. 16:22:17 beygði Herjólfur til suðurs u.þ.b. 210°rv.



Mynd 9

Kl. 16:22:32 beygði Herjólfur til baka.



Mynd 10

Kl. 23:15 stefndi Herjólfur í NV og fór fyrir norðan Seabourn Venture.

Aðgerðir hafnar og útgerðar eftir atvikið.

Útgerð Herjólfss brýndi fyrir skipstjórnarmönnum sínum að gæta þess að tilkynna sig við Faxasker á leið til hafnar í Vestmannaeyjum og færa merki um það inn í siglingatölvu skipsins til að koma í veg fyrir að það misfærist. Hið sama á við um hafnsögumenn sem eru að leiðsegja skipum til hafnar. Til athugunar er hjá hafnaryfirvöldum að öll skip tilkynni sig á sama stað vegna þess hversu þröng innsiglingin er.

Vestmannaeyjahöfn brýndi fyrir hafnsögumönnum að tilkynna skip sem þeir eru að leiðsegja frá bryggju jafnframt því að vera í nánnum samskiptum við skipstjórnarmenn Herjólfss meðan verið er að leiðsegja skipum á þeim tíma sem von er á Herjólfss. Þá hyggjast hafnaryfirvöld að bæta talstöðvarsamband við Ystaklett.

Atburðarás liggur fyrir og útgerð Herjólfss og Vestmannaeyjahöfn hafa brugðist við. Verður málið því ekki rannsakað frekar.

Guðmundur Frey Úlfarsson, Geirþrúður Alfreðsdóttur, Pálmi Jónsson, Hilmar Snorrason og Jón Finnbjörnsson

